

Bárður SH landaði á Arnarstapa

Vel hefur fiskast í vetur og virðist vera nokkurnvegin sama hvaða veiðarfæri er dýft í sjó. Bárður SH 81 hefur verið að veiða vel í netin undanfarið og hefur landað í Rifshöfn, um helgina var tekin ákvörðun um að færa sig á Arnarstapa og landaði Bárður þar í fyrsta skipti á sunnudag.

Það er ekki fyrir hvern sem er að sigla inn í Arnarstapahöfn og þess vegna meðal annars eru það helst trillur og minni bátar sem landa þar. Pétur Pétursson skipstjóri Bárðar er þó öllum hnútum kunnugur á Stapa og hafði lítið fyrir því að leggja þessum tæplega 24 metra langa bát að bryggju, Bárður SH 81 mun vera stærsti bátur sem lagst hefur að bryggju á Arnarstapa.

Guðmundur Már Ívarsson starfsmaður Fiskmarkaðs Íslands og Hafna Snæfellsbæjar tók á móti Bárði SH á sunnudag og smelli þessari mynd að bátum í innsiglingunni. *JÓ*



FISKMARKAÐUR ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is

CERTIFIED SUSTAINABLE SEAFOOD MSC

Framúrskarandi fyrirtæki

Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Stafræn þjónusta aukin hjá Snæfellsbæ

Snæfellsbær hefur tekið í notkun íbúagátt og eflir með því stafræna þjónustu við íbúa. Markmiðið með íbúagáttinni er að auka gagnvirkni í meðferð mála og erinda fyrir íbúa en einnig að auka hagkvæmni í rekstri.

Snæfellsbær er einnig byrjað að nota OneLand Robot sem er rafrænt umsóknar- og afgreiðslukerfi fyrir umsóknir um byggingaráform og byggingarleyfi. Nú geta hönnuðir og eigendur sent inn rafrænar umsóknir með auðveldum hætti. Í kerfinu geta

hönnuðir og eigendur einnig tilnefnt hönnunarstjóra, byggingarstjóra, iðnmeistarara og þeir staðfest sig á verkin. Við innskráningu er notast við rafræn skilríki í farsíma og ferlið því allt rafrænt. Rafrænar umsóknir byggingarfulltrúa eru nú allar komnar inn í kerfið og því verður eingöngu tekið við umsóknum þar héðan í frá. Eyðublöð og umsóknir sem snúa að öðrum málaflokkum eru í vinnslu. Íbúagátt Snæfellsbæjar er aðgengileg á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Undirrituðu samning um Heilsueflandi samfélag

Embættislandlæknis og Snæfellsbær hafa nú undirritað samstarfs-samning um þátttöku Snæfellsbæjar í verkefninu Heilsueflandi samfélag. Alma Möller, landlæknir, og Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, skrifuðu undir samninginn á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar þann 20. mars síðastliðinn. Verkefnið gengur út á að styðja samfélög í að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífnaðarhátum, heilsu og vellíðan allra íbúa. Hefur Snæfellsbær nú bæst í hóp þeirra sveitarfélaga sem hafa haft frumkvæði að því að vinna markvisst að eflingu lýðheilsu

og lífsgæða bæjarbúa. Leiðarljós Heilsueflandi samfélags er að stuðla að virkri þátttöku samfélagsins í heild og að stuðla að jöfnuði til heilsu með almennum aðgerðum sem taka einnig mið af þörfum viðkvæmra hópa. Einnig skal stuðla að sjálfbærni í starfi með því að leggja áherslu á að skipuleggja starf og árangur til lengri tíma litid. Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu hvers tíma. Þverfaglegur stýrihópur hefur verið myndaður og mun hópurinn halda utan um verkefnið. Í hópnum eru Alma Clausen, f.h. grunnskóla Snæfellsbæjar, Hermína K.



Lárusdóttir, f.h. leikskóla Snæfellsbæjar, Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, f.h. velferðar-nefndar, Jóhanna Jóhannesdóttir, f.h. íþrótt- og æskulýðsnefndar, Gestheiður Guðrún Sveinsdóttir, f.h. dvalarheimilisins Jaðars og Eiríkur Böðvar Rúnarsson, f.h. atvinnuveganefndar. Varamenn

stýrihópsins eru Kristgeir Kristinsson, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Linda Rut Svansdóttir og Auður Kjartansdóttir. Tengiliður stýrihópsins er íþrótt- og æskulýðsfulltrúi Snæfellsbæjar, Kristfríður Rós Stefánsdóttir.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Getraunir 1x2

Síðasti laugardagur í getraunakaffinu var ekkert öðruvísi en þeir fyrri að því leyti að þeir, sem voru getsapakastir voru með 10 rétta. Ekkert nýtt í þeim efnunum. Gott hefði verið að fleiri hefðu mætt, til að klára ljúffengu pönnukökurnar hans Himma! En þær hafa örugglega klárast annarsstaðar. Núna verður gert hlé á enska boltanum þannig að næstu helgi verða landsleikir uppistaðan á getraunaseðlinum. Kannski hitta spekingarnir frekar á réttari

úrslit í þeim leikjum, sjáum til. Við ætlum allavega að halda áfram og verðum á laugardaginn í Áttthagastofunni á milli klukkan 11.00 og 12.00 að venju og með kaffi á könnunni. Svo má geta þess að núna á laugardaginn mun Víkingur svo mæta liði KV í Lengjubikarnum hér heima klukkan 14.00, sem er síðasti leikurinn í keppninni. Næst eru svo leikur í Mjólurbikarnum áður en Íslandsmótið hefst.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Mislitir sokkar

Alþjóðlegi Downs dagurinn er 21. mars ár hvert og er hann tileinkaður vitundarvakningu um fólk sem fæðist með heilkennið, þarfir þeirra, óskir, drauma og vanda sem það þarf að glíma við. Downs heilkenni er kennt við enska lækinn John Langdon Down sem skrifaði tímamótgrein árið 1866 þar sem hann lýsti heilkenninu. Þrjár gerðir eru til af Downs heilkenninu en 95% allra

með heilkennið eru með þrístæðu 21. Talið er að eitt af hverjum átta hundruð börnum á Íslandi fæðist með Downs eða fimm til sex börn á ári. Til þess að vekja athygli á deginum og einstaklingum með Downs var fólk hvatt til þess að fara í mislita sokka 21. mars og velja litríkustu og mest áberandi sokkana úr skúffunni.

JJ

Þjóðgarðsmiðstöðin á Hellissandi opnar



Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull opnar nýja og glæsilega þjóðgarðsmiðstöð á Hellissandi föstudaginn 24. mars.

Í tilefni þess býður þjóðgarðurinn öllum að fagna áfanganum

með starfsfólki þjóðgarðsins og vera viðstödd opunarhátíðina.

Boðið verður upp á léttar veitingar og skemmtun á milli 15 og 17 á föstudag.

Annríki hjá björgunarsveitarfólki

Um liðna helgi var haldið fjallamennskunámskeið í Snæfellsbæ sem ætlað var meðlimum björgunarsveita. Námskeiðið sóttu sjö björgunarsveitarmenn, tveir úr Lífsbjörg í Snæfellsbæ, þrír úr Klakki frá Grundarfirði, 1 í Berserkjum í Stykkishólmi og 1 frá Hjálparsveit skáta í Hveragerði. Farið var yfir sig í Björgunarstöðinni Von á Rífi áður en haldið var áleiðis upp á Jökulháls þar sem farið var yfir ýmiskonar snjótryggingar, sig, að ganga á mannbroddum og fleira. Fengu þátttakendur á námskeiðinu fallegt veður og kjöraðstæður fyrir æfingar að þessu tagi og ekki að undra ef einhver þreyta sótti á mannskapinn eftir erfiðan dag.



siglingarbaujunni í Ólafsvík en mikið frost hefur verið undanfarið og höfnin þakin ís á aðra viku núna. Seinna verkefni sveitarinnar var á annan forgang og náðu þau í sjúkling í loðnuskip og komu honum í læknishendur.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is

S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Við fengum fleira fólk



Á aðalfundi Snæfellsbæjardeildar Rauða krossins fyrir þessum mánuði var kosin ný stjórn yfir deildina, eins og kom fram í grein sem ég skrifaði í Jökul þá hefur ekki gengið vel að fá fólk í stjórn og voru því áhyggjur af því að leggja þyrfti deildina niður eða sameina hana annarri deild á Vesturlandi.

Góð mæting var á fundinn og mörg ný andlit, auk þess bærust inn á aðalfundinn tvö framboð í stjórn frá aðilum sem komust ekki á fundinn. Niðurstaðan er því sú að stjórn Rauða krossins

í Snæfellsbæ er fullmönnuð auk þess sem fundargestir aðrir en þeir sem gáfu kost á sér í stjórn voru áhugasamir um að koma að starfsemi Rauða krossins á einhvern hátt.

Margir höfðu samband í aðdraganda fundarins og hvöttu stjórnarfólk til dáða, það er gott að finna fyrir áhuga og velvilja í garð deildarinnar og vonandi verður hún til staðar í mörg ár, samfélaginu til góðs.

Jóhannes Ólafsson
fráfarandi ritari RKÍ í Snæfellsbæ



Örstyrkir til menningarverkefna í Snæfellsbæ

Menningarnefnd Snæfellsbæjar auglýsir eftir umsóknum um örstyrki til menningarverkefna í Snæfellsbæ sumarið 2023.

Veittir verða fjórir styrkir kr. 50.000.- hver til tónleikahalds, listasýninga, útgáfu eða annarra verkefna sem styðja við lista- og menningarstarf í Snæfellsbæ, íbúum til heilla.

Umsóknir sendist á netfangið menningarnefnd@snb.is.

Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2023.

Íbúar á öllum aldri hvattir til að sækja um styrk til að gera eitthvað spennandi og skemmtilegt í sumar.



Snæfellsbær | Klettsbúð 4 | 433 6900 | snb.is

TÖKUM AÐ OKKUR ALLA MALBIKSVINNU

- stóra sem smáa -

Verðum á Snæfellsnesi 20.07 – 05.08

Allar upplýsingar veita Baldvin s: 896 5332 og Jón s: 854 2211



Tilboðs fyrirspurnir

 854 2211

Óseyri 18 - Malbikun.is - jon@malbikun.is

Fuglamyndir í Norska húsinu

Laugardaginn 25. mars kl. 17:00 opnar í Norska húsinu - Byggðasafni Snæfellinga og Hnappdæla ljósmyndasýningin - Fuglar á Snæfellsnesi eftir Daníel Bergmann.

Daníel Bergmann náttúruljósmyndari hefur lengi fylgst með fuglalífinu á Snæfellsnesi og myndað fuglana sem má finna á nesinu, bæði þá algengu og sjaldséðu. Á sýningunni eru myndir af

nokkrum þessara fuglategunda ásamt ýmiss konar upplýsandi fróðleik um tilveru þeirra á Snæfellsnesi. Það er vel við hæfi að gefa fuglunum gaum um þetta leyti árs því nú gengur brátt í garð varptími sumra staðfugla og farfuglarnir byrja að streyma til landsins í apríl. Í tilkynningu frá Norska húsinu segir að allir séu hjartanlega velkomnir og að léttar veitingar verði í boði.




Æðarbliki kemur inn til lendarar í Landeyjarsundi við Stykkishólm. Ekki er hægt að fjalla um fuglalífið við Breiðafjörð án þess að æðarblikinn sé þar í heidurssæti.

Byssusýning á Veiðisafninu

Um nýliðna helgi var Skotfélag Snæfellsness með stóra byssusýningu á Veiðisafninu á Stokkseyri í samstarfi við Veiðisafnið og verslunina Veiðihornið. Um er að ræða árlega byssusýningu Veiðisafnsins þarsemskotfélögum og skotveiðiverslunum er boðið að koma og sýna skotvopn og varning tengdum skotveiði.

Að þessu sinni var það Skotfélag Snæfellsness sem var með sýningu og Veiðihornið var með kynningu skotvopnum og vörum frá versluninni. Sýningin stóð yfir alla helgina frá kl. 11:00 til 18:00 og komu nokkur hundruð gestir til að sjá sýninguna. Til sýnis voru fjölmörg skotvopn og einnig gátu gestir tekið þátt

í léttum spurningaleik sem Skotfélagið var með í samstarfi við Veiðihornið.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199